

Aðalfundur Hvanneyrabúsins ehf.

Ásgarði 29. ágúst 2019, kl. 13:00

Mættir eru: Baldur Helgi Benjamínsson (BHB) formaður stjórnar, Pétur Diðriksson (PD), Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG) stjórnarmenn, Egill Gunnarsson (EG) bústjóri, Þóroddur Sveinsson, lektor og fyrrverandi formaður stjórnar, Theódóra Ragnarsdóttir rekstrarstjóri og Sæmundur Sveinsson rektor.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar (BHB).
2. Ársreikningur Hvanneyrabúsins 2017 kynntur og lagður fram til samþykktar (EG).
3. Staða rekstrar og framkvæmda á vegum Hvanneyrabúsins ehf. fyrstu 6 mánuði ársins 2018 (EG).
4. Önnur mál.

Fundargerð

Stjórnarformaður stýrir fundi (BHB), ritari stjórnar ritar fundargerð (ÓÓG).

1. Stjórnarformaður fór yfir skýrslu stjórnar og er hún aðgengileg á vefsíðu Landbúnaðarháskólans. Umræður sköpuðust um mykjutankinn sem er í byggingu og eru fundarmenn sammála um að þetta sé spennandi verkefni og komi til með að nýtast búinu vel og spara jafnvel í áburðarkaupum framtíðar. Einnig var rætt um framtíð fjóssins og hvaða innviðauppbýggingu þarf að fara í á næstunni. Vilji er til þess að skoða breytingu á fjósinu svo það myndi nýtast betur fyrir rannsóknir í nautgriparækt, gott væri að hefja vinnu við þarfagreiningu fyrir rannsóknir í nautgriparækt á Íslandi og var rektor hvattur til að skipa í þá nefnd.
2. Bústjóri fór yfir ársreikning 2017 sem sýndi hagnað upp á 3 milljónir kr. Bæði tekjur og gjöld hækkuðu á árinu, þar voru það aðallega launatengd gjöld sem hækkuðu gjaldaliðinn. Félagið fer í gegnum fulla endurskoðun og eru endurskoðendur BDO ehf. Ársreikningurinn var samþykktur af rektor Lbhí.
3. Egill fór yfir rekstrarstöðu búnsins fyrstu 6 mánuði ársins 2018. Hún lítur ágætlega út, tekjur fyrir mjólk hafa aukist vegna hærri verðefna og greiðslna fyrir úrvalsmjólk. Laun hafa hækkað vegna nýrra kjarasamninga og vegna auka starfsmanns sem hefur verið við búið fleiri mánuði á þessu ári en því síðasta. Framkvæmd við byggingu á haugtanki er hafin, búið er að steypa botnplötu og verða veggir reistir í næstu viku. Kostnaður við framkvæmd hefur verið undir kostnaðaráætlun.
4. Önnur mál:
Tillaga um laun stjórnarformanns Hvanneyrabúsins ehf. til aðalfundar félagsins 2018.
Laun stjórnarformanns Hvanneyrabúsins ehf skulu vera skv. launaflokki 542-222 sem þann 1. júní 2018 kr. 2.308 og fjöldi klukkustunda á mánuði er 22, samtals 50.776 kr.
Samþykkt af rektor Lbhí.

Fundi slitið klukkan 14:40